



## Vinna hafin við nýtt hringtorg

Hafnar eru framkvæmdir við gerð einfalds hringtorgs á mótum Eyrarbakkavegar og Hólastekks/Víkurheiðar á Selfossi auk allra vegtenginga og stíga við hringtorgið.

Verkinu tilheyra einnig lýsing, merkingar ásamt breytingum á lagnakerfum veitufyrirtækja, m.a. færsla og nýlagnir

vatns- og hitaveitu, rafstrengja og fjarskiptalagna auk annarra þáttu sem nauðsynlegir eru til að ljúka verkinu.

Verkið er samvinnuverkefni Sveitarfélagsins Árborgar og Vegagerðarinnar. Þegar gerð þessu hringtorgs lýkur, þá mun koma tenging frá Eyrarbakkavegi við Hólastekk sem mun liggja

sunnan við Bjarkarland og tengjast að Suðurhólum rétt austan við núverandi tjaldsvæði.

Samið var við verktafayrtækið Verktækni ehf. um gerð hringtorgsins eftir útboð. Samkvæmt verksamningi skal verkið vera að fullu lokið eigi síðar en 1. september 2021. -gpp

## Hveragerðisbær styrkir starfsemi Listasafns Árnesinga



Listasafn Árnesinga og Hveragerðisbær hafa endurnýjað þjónustusamning sem ætlað er að efla samstarf bæjaryfirvalda í Hveragerði.

safns Árnesinga með það að markmiði að menningarstarf í Hveragerði aukist samkvæmt stefnu bæjaryfirvalda þar um. Gert er ráð fyrir að starfsemi

Listasafnsins verði áfram sýnileg eins og verið hefur bæði fyrir íbúa Hveragerðisbæjar og ferðamenn. Í samningnum er meðal annars tilgreint að safnið muni standa fyrir námskeiðum fyrir börn og unglunga sem og að Listasafn Árnesinga muni bjóða einum árgangi á elsta stigi og einum árgangi á yngsta stigi Grunnskóla Hveragerðis árlega á sýningu í safninu.

Styrkur Hveragerðisbæjar til safnsins mun nema um 15,6 milljónum á árunum 2021, 2022 og 2023.

## Fyrstu vottuðu alíslenku límtréssbitarnir



Tuttugasta apríl sl. voru fyrstu límtréssbitarnir sem framleiddir eru úr íslensku timbri með alþjóðlegri vottun fluttir úr verksmiðju Límtré-Vírnets á Flúðum og að brúarstæði nýrrar brúar yfir Pjórsá við Búrfell.

Þetta eru nokkur tíma-mót því Límtré Vínet hefur nú fengið alþjóðlega vottun á framleiðslu límtré úr íslensku sitkagreni í verksmiðju sinni á Flúðum í Hrunamannahreppi.

Brúin verður fyrst og fremst fyrir gangandi, hjólandi og ríðandi umferð en hægt verður að aka um hana á bílum í neyðartilvikum. Brúin opnar ný svæði fyrir ferðafólk til að skoða náttúruna í kringum Búrfell og

býr til skemmtilegar tengingar. Hún styttir líka verulega vegg-lengdir sem fara þarf í neyð, ef slys verða, skyndileg veikindi, náttúruhamfarir eða aðrir óvæntir atburðir.

Landsvirkjun stendur fyrir brúarsmiðinni og fulltrúar hennar lögðu áherslu á það frá upphafi að það timbur sem yrði notað í brúna yrði eingöngu íslenskt. Límtréssbitarnir sem fluttir voru frá Flúðum í gær verða lagðir þversum á stálbita sem liggja langsum og eftir verður tvöfalt dekk, einnig úr íslensku sitkagreni. Allt er timbrið fengið í Haukadalsskógi.

Meðfylgjandi myndir tók Einar Bjarnason, gæðastjóri Límtré-Vínets, þegar fyrstu límtréssbitunum var staflað á flutningabíl á Flúðum.



## Fáðu fagmann í verkið

**PÍPULAGNIR HELGA**

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

Toyota  
Selfossi



FRAMÚRSKARANDI  
ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI

TOYOTA SELFOSSI  
Fossnesi 14, Selfossi,  
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

# KOMDU Á DEIT

Á stefnumótasiðunni deit.is gætir þú fundið ástina.

**Deit.is er fyrir 18 ára og eldri**



## Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu  
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir  
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [/keyrsla.is](#)



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

## Vinnuskóli Árborgar 2021

Opið er fyrir skráningar í vinnuskóla Árborgar 2021.

Sumarið skiptist í tvö tímabil:

8. bekkur og 10. bekkur: 14. júní - 13. júlí

9. bekkur og 7. bekkur: 14. júlí - 12. ágúst

Allar nánari upplýsingar ásamt skráningalink er að finna á:  
[www.arborg.is/stjornsysla/mannaudur/vinnuskolinn/](http://www.arborg.is/stjornsysla/mannaudur/vinnuskolinn/)

**Skráningu lýkur 24. maí.**



Þökkum af hjarta samúð okkur  
sýnda vegna andláts móður okkar,  
tengdamóður, ömmu, langömmu  
og langalangömmu,

**Ragnhildar Einarssdóttir,  
Grænumörk 5,  
Selfossi.**

Sérstakar þakkar fær starfsfólk á dagdvölinni Árbliki  
og á Grænumörk 5 fyrir einstaka umhyggju og alúð  
í garð móður okkar í gegnum árin.

**Elfa Bryndís Þorleifsdóttir** Örn Sigurðarson  
Þórmar Ragnarsson Jónína María Kristjánsdóttir  
Heiðveig Ragnarsdóttir Henning Frederiksen  
Jóhanna Ragnarsdóttir Bjarni Halldórsson  
Eyrún Ragnarsdóttir Sigurður Már Guðmundsson  
Einar Jónas Ragnarsson Petra Vijn  
og fjölskyldur.

# HEYRN

## HEYRNARÞJÓNUSTA



### Kæru Sunnlendingar

Verðum á Selfossi í Grænumörk 5.

**Föstudaginn 7. maí.**

Verið velkomin

**Heyrðu umskiptin**

**Fáðu heyrnartæki til reynslu**

**ReSound**

rediscover hearing

Heyrn, Hlíðasmára 19, Kópavogur, [heyrn@heyrn.is](mailto:heyrn@heyrn.is)

**Tímapantanir - 534 9600**

Nánari upplýsingar  
[www.heyrn.is](http://www.heyrn.is)

## Litagleði í Listagjá Bókasafns Árborgar

Kolbrún Ásmundsdóttir heldur sýningu í Listagjá Bókasafnsins núna, Kolbrún er uppalin í Reykjavík og bjó þar alla sína tíð. Hún flutti til Selfoss sumarið 2017. Kolbrún útskrifast frá Fósturskóla Íslands 1986 og vann hlutastörf á leikskóla. Hún á 3 uppkomin börn og 3 barnabörn. Sem barn ólst hún upp með skapandi föður sínum frá unga aldri, hann



skar út dýr úr fiskbrjóski, límdi skeljar á rekavið, útbjó lampa og margt fleira. Listrænir hafi-

leikar hafa ávallt verið í huga hennar og fór hún fyrir alvöru að mála myndir fyrir ári. Hún var mikil náttúrubarn, elskaði fjörur og drullubú.

Kolbrún er einnig mikill fagurkeri hvað varðar heimilið sitt, hún heldur úti Facebook-síðunni kollakiss og þar má sjá myndir eftir hana. Sýningin er opin á sama tíma og bókasafnið og stendur til 29. maí.

## Vöxtur Selfoss eða uppbygging Árborgar

**Guðmundur Ármanн**

Íbúi á Eyrarbakka



Það er eðlilega forsíðufrétt að nærrí 9 þúsund aðilar sækji um 52 lóðir á Selfossi. Í fréttinni segir að gert sé ráð fyrir að íbúum fjölgi um 7% á þessu ári og að áfram verði vöxtur. Þúsundir nýrra íbúa munu flytja á Selfoss á næstunni. Nýr skóli verður opnaður í haust í Bjar karlandi í bráðabirgðahúsnæði og uppbygging hefst á næsta ári á varanlegu húsnæði skólans. Strax þarf að huga að næsta skóla á eftir, en hann þarf að vera tilbúinn eftir fjögur ár segir í sömu frétt.

Þéttbýlið á Selfossi hefur fjölda tækifæra til vaxtar og aukinnar velsældar á komandi misserum og því ber að fagna.

Sveitarfélagið Árborg samanstandur af þéttbýliskjörnum Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri. Auk þess er aukin byggð og búseta í svokallaðri Búgarðabyggð í hinum gamla Sandvíkurhreppi sem í raun má telja sem fjórða þéttbýlið í Árborg.

Bæjarstjórn Árborgar hefur afgerandi áhrif á með hvað hætti búseta þróast innan sveitarfélagsins, auk atvinnutækifæra og almennt með þau lífsgæði sem íbúar njóta á þeim stað sem þeir kjósa að búa.

Eyrarbakki, Stokkseyri og Sandvíkurhreppur hinn forni hefur að mörgu leyti horfið síðustu ár fyrir utan uppbyggingu í Búgarðabyggð. Er kominn tími til að spyra: Hvað getur sveitarfélagið gert til þess að gera búsetu á þessu svæði sem besta og sem eftirsóknarverðasta?

Framboð af lóðum t.d. á Eyrarbakka er í dag nánast ekkert. Til stendur að lengja götu á Eyrarbakka og þannig fá fram nokkrar lóðir til úthlutunar, það er redding en ekki framtíðarsýn.

Atvinnuuppbygging er mikilvæg og ekki er það síður mikilvægt að störf verði til sem víðast í sveitarfélagini. Horft er á rikið með störf án staðsetningar og þar eru mikilvæg tækifæri fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Hver er stefna sveitarfélagsins Árbogar er varðar störf án staðsetningar fyrir sína eigin starfsmenn sem eru tæplega 1.000? Getur sveitarfélagið sjálft rutt brautina, aukið frelsi og sveigjanleika og á sama tíma skapað ný tækifæri í Árborg.

Styrkur Árbogar mun ávallt liggja í því að hlúa að sveitarfélagini öllu, þar sem sérkenni og mismunandi styrkleikar allra þéttbýliskjarna geta notið sín og hver staður stutt við annan íbúum öllum og samfélagini til heilla.

# Baráttan heldur áfram!

1. maí er baráttudagur  
verkalýðsins

Við höldum daginn hátíðlegan bæði til þess að fagna samstöðunni og mætti hennar en einnig til að minnast þess að nauðsynlegt er að halda áfram að berjast fyrir réttlæti og mannsæmandi launakjörum fyrir okkur öll.

**Til hamingju með daginn!**

# Í tilefni af baráttudeginum 1. maí

Til hamingju með baráttudaginn okkar 1. maí. Annæð að árið í röð falla niður hátiðarhöldin og kröfugöngur sem hefur verið ómissandi þáttur 1. maí með hestamönnum og lúðraþyrt. Koma tímar og koma ráð, við tökum bara stórkref á næsta ári.

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) sem er stærsta samband launafólks á Íslandi með 135 þúsund félagsmenn hefur staðið vaktina í þau 105 ár sem eru frá stofnun ASÍ. Fingraför verkalýðshreyfingarinnar eru á flestum þeim velferðarmálum og réttindum sem við njótum í dag og flestum þykir sjálfsögð. Í þessu sérkennilega covid-ástandi sem við búum við í dag hefur hreyfingin undir forystu Drífu Snædal, forseta ASÍ, verið með skíra sýn að gæta hagsmuna okkar félagsmanna og eru mörg þau úrræði sem eru til boða vegna baráttu hreyfingarinnar fyrir bættum lífskjörum. Betur má ef duga skal, það þarf alltaf að skoða stöðuna, hugsa upp á nýtt sem leiða til nýrra áskorana, nýrra leiða og lausna með jöfnuð og jafnrétti að leiðarljósi.

Varða, rannsóknarstofa vinnumarkaðarins, sem stofnuð var 2020 af ASÍ og BSRB hefur það að markmiði að efla rannsóknir og auka fræðilega þekkingu á högum og lífs-skilyrðum launafólks. Fyrsta stóra rannsóknarverkefnið var könnun um stöðu launafólks á Íslandi. Markmið könnunarinnar var að veita upplýsingar um stöðu:

1. Launafólks úr frá fjárhagsstöðu og heilsu.
2. Atvinnulausa út frá fjárhagsstöðu, heilsu og atvinnuleit.
3. Innflytjenda út frá fjárhagsstöðu, heilsu og stöðu á vinnumarkaði.
4. Ungs fólks út frá fjárhagsstöðu, heilsu og stöðu á vinnumarkaði.

Sérstaklega var hægt að óska eftir niðurstöðum úr hverju félagi fyrir sig. Báran, stéttarfélög er stærsta einstaka stéttarfélögð á Suðurlandi með allt að 4.000 félagsmenn. Félagssvæðið er Ánessýsla utan Ölfuss. Félagsmenn starfa innan marga mismunandi starfsgreina. Úrtakið var marktækt og niðurstöðurnar endurspeglar því stöðu þessa hóps á Suðurlandi. Í niðurstöðum könnunarinnar kemur fram að hér á Suðurlandi er hærra

hlutfall ungs fólks almennt en annarra félaga innan ASÍ og BSRB á öðrum landsvæðum. Hærra hlutfall er með menntun á grunnskólastigi og lægra hlutfall með menntun á framhaldsskólastigi. Svipað hlutfall með menntun á háskólastigi. Hlutfall innflytjenda er hærra og marktækur munur er á hjúskaparstöðu. Það er töluluvert meira atvinnuleysi hjá félagsmönnum Bárunnar (20%) og hafa efna-hagsþrengingar bitnað hart á þeim. Stór hluti eða 34,8% félagsmanna eiga frekar erfitt með að ná endum saman á meðan þau eru 27,2% í öðrum félögum um á öðrum svæðum. Almennt er fjárhagsstaða Bárukarla verri en almennt meðal annarra aðildarfélaga, en staða kvenna jafnslæm. Hlutfallslega færra félagsfólk Bárunnar, byr í eigin húsnæði (56,2% á móti 72,3%). Andlegt heilsufar Bárukvenna er betra en karla og kemur fram að félagsmenn hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu. Það er samhengi á milli bágrar fjárhagsstöðu og andlegrar heilsu. Áhyggjur af afkomu valda kvíða, þunglyndi og vonleysi.

Þegar fasteignir seljast eins og heitar lummur á yfirverði og allt virðist í pokkalegum málum eru þetta sláandi niðurstöður. Svo virðist sem Suðurland skeri sig aðeins úr. Hvers vegna og hvað veldur þessum niðurstöðum á þessu svæði. Í ferðajónustu hefur starfað stór hópur félagsmanna og hlutfallið fór vaxandi með árunum og var orðið 40% fyrir covid. Nú hefur orðið verulegur viðsnuningur í þeirra atvinnugrein sem flýtur meðan ekki sekkur. Byggingar-íðnaður hefur komið sterkt inn á móti en hann þurkðist nánast út í kreppunni 2008. Svæðið hefur í gegnum tíðina oftast verið í lægri kanti meðallauna, þar sem ákveðin láglauastefna hefur verið rekín meðal ákveðinna fyrirtækja á svæðinu. Kauptaxtar eru lágmarkstrygging en ekkert lögmál. Þegar svo kemur að tekjutengdum atvinnuleysisbótum í nokkra mánuði og svo lágmarksbaetur fer staðan að versna verulega hjá fólk. Umræðan sem hefur verið nokkuð hávær undansarið um að laun séu allt of há eiga svo sannarlega ekki við hér á Suðurlandi né neins staðar annars staðar nema þeirra sem geta skammtað sér launin. Það eru einmitt þeir sem

Verulega þarf að bæta í endur- og símenntun, þar sem hið formlega skólakerfi hefur ekki hentað öllum og tryggja til þess fjármagn. Ný störf eru að leysa önnur störf af hólmi, hvatning, aðgengi og aðstaða þarf að vera til staðar óháð búsetu.

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

**Bláskógbabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur.**



## Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslysinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

### 1. Torfastaðir 1 L170828; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - 2003014

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. apríl 2021 að kynna tillögur aðalskipulagsbreytingar í landi Torfastaða. Í tillögunni felst að landnotkun á um 25 ha svæði innan jarðarinnar Torfastaða er breytt úr landbúnaðarlandi í fristundabyggð.

### 2. Kílhraun land L191805; Áshildarvegur 2-26; Úr fristundabyggð í íbúðabyggð; Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 14. apríl 2021 að kynna tillögur aðalskipulagsbreytingar í landi Kílhrauns sem tekur til Áshildarvegar 2-26. Í breytingunni felst að fristundasvæði breytist að hluta til íbúðarsvæði.

## Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

### 3. Kílhraun land L191805; Áshildarvegur 2-26; Úr fristundabyggð í íbúðabyggð; Deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 14. apríl 2021 að kynna tillögur deiliskipulagsbreytingar í landi Kílhrauns sem tekur til Áshildarvegar 2-26. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir að fristundalóðir breytist í íbúðarhúsalóðir.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

### 4. Suðurhlíð Langjökuls; Íshellir; Fyrirhuguð framkvæmd og skilmálar; Deiliskipulag

Sveitarstjórn Bláskógbabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 29. mars 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til íshellis í suðurhlíð Langjökuls. Í deiliskipulaginu felst afmörkun lóðar fyrir íshelli auk þess sem gert er grein fyrir heimiluðum framkvæmdum innan svæðisins, aðkomu og viðhaldi hellisins, frágangi svæðisins og umhverfisáhrifum vegna framkvæmda. Samhliða er unnið að breytingu aðalskipulags á svæðinu.

### 5. Syðra-Langholt 4 L166821; Grjótnáma; Deiliskipulag - 2103075

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. apríl 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til efnistöku úr skilgreindri námu E31 innan aðalskipulags sveitarfélagsins í landi Syðra-Langholts. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á námusvæði sem nær yfir um 6.500 m<sup>2</sup> og heildarefnistöku allt að 45.000 m<sup>2</sup>. Jafnframt er gert grein fyrir áfangaskiptingu efnistökunnar og umhverfisáhrifum.

### 6. Leynir L230589; Miðengi; 8 fristundahúsalóðir; Deiliskipulag

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. apríl 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til 8 fristundalóða í landi Miðengis. Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 8 fristundahúsalóðum að stærðinni frá 5.948 fm til 7.491 fm.

### 7. Lundaeyjarsund 4 L168718; Skilmálar; Stálvirki; Deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. apríl 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til breytinga á skilmálum deiliskipulags að Hraunkoti, svæði A. Í breytingunni felst að krafa um að hús skuli byggð úr timbri verði feld félundur úr skipulags skilmálum og gert verði ráð fyrir því að byggja megi hús úr stálvirki einnig.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatn á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefsíðóinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasiðum sveitarfélaganna: <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://fludir.is>, [https://www.gogg.is/](https://www.gogg.is) og <https://www.skeidgnup.is>.

Skipulagstillögur og lýsingar mál nr. 1-3 eru í kynningu frá 28. apríl 2021 til og með 19. maí 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 19. maí 2021

Deiliskipulagstillögur í liðum 4-7 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 28. apríl 2021 til og með 11. júní 2021. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en 11. júní 2021.

Athugasemendum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatn eða með tölvupósti á netfangið [vigfus@utu.is](mailto:vigfus@utu.is).

Vigfús Þór Hróbjartsson,  
skipulagsfulltrúi UTU

**„Það er nóg til“ í réttlátu samfélagi.  
Launafólk til hamingju með daginn.  
Baráttukveðjur,  
Báran, stéttarfélag.**



## Hljóðar kvedjur til 100 ára heidursmanns

Safnið er lifandi sagan hans öll,  
segir frá afrekum nógum.  
Með lífsstarfi sínu flutt hefur fjöll,  
fræðarinna Þórður í Skógunum.

*Sigurður Sigurðarson, dýralæknir.*



Vallaskóli

Virðing - þekking - lifsgleði

## Komdu að vinna með okkur!

### Vallaskóli - Sveitarfélagit Árborg, lausar stöður fyrir skólaárið 2021-2022

- Umsjónarkennarar á miðstigi (5.-7. bekkur). Einnig á efsta stigi (8.-10. bekkur) með áherslu á leiklist. (Allt 100% stöður)
- Kennrar í leiklist, tvær stöður (73% og 100%).
- Tónmenntakennari á yngsta stigi og miðstigi (100% staða).
- Textíl/myndmenntakennari (100% staða).
- Textílkennari vegna afleysinga (100% staða).
- Kennsla í forritun á miðstigi (5.-6. bekkur) vegna afleysinga (50% staða).
- Yfirþroskabjálfi (100% staða).

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum með mikla hæfni í mannlegum samskiptum, góða skipulagshæfileika, góða íslenskukunnáttu og brennandi áhuga á grunnskólastarfi. Reynsla af teymisvinnu er mikilvægur eiginleiki. Umsækjendur þurfa að hafa réttindi sem hæfa þeim stöðum sem auglýstar eru.

A skólaárinu 2021-2022 er reiknað með að nemendafjöldi skólans verði 610 nemendur í 1.-10. bekk og starfsmenn um 100 talsins, sjá [www.vallaskoli.is](http://www.vallaskoli.is).

Sækja skal um starfið á starfavef Árborgar, starfarborg.is. Nánari upplýsingar veitir Guðbjartur Ólason skólastjóri [gudbjartur@vallaskoli.is](mailto:gudbjartur@vallaskoli.is) eða í síma 480 5800.

Umsóknun fylgi leyfisbréf, yfirlit yfir nám, fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 10. maí 2021. Ráðið verður í störfin frá og með 1. ágúst 2021. Störfin henta jafnt körlum sem konum. Launakjör fara eftir kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Í Sveitarfélagit Árborg búa rúmlega 10 þúsund íbúar, þar af um 2000 börn í sex leikskólam og fjórum grunnskólam. Í sveitarfélagit er unnið að styrkingu heildstæðrar nærbjónustu við börn, foreldra og skóla. Lögð er áhersla á faglega forystu í anda lærðómssamfélagsins, snemmtæka íhlutun, samstarf skóla og stofnana um umbótastarf og þróun úrræða fyrir börn. Nánari upplýsingar um sveitarfélagið, fjölskyldusvið og Skólaþjónustu Árborgar má finna á [www.arborg.is](http://www.arborg.is).



## Ég fer aldrei bókarlaus í ferðalög - segir lestrarhesturinn Jóhann Óli Hilmarsdóttir

Jóhann Óli Hilmarsdóttir býr á Stokkseyri og starfar sjálfstætt við náttúrufræðiðkun, náttúruljósmyndun og ritstörf. Hann er úr Flóanum í báðar ættir og flutti „heim“ í Flóa fyrir tuttugu árum. Hann hefur skrifað og myndskreytt nokkrar bækur um fugla og íslenska náttúru, þar á meðal Íslenskan fuglavísi. Sú bók hefur selst í um 50.000 eintökum á þremur tungumálum og geta fáir sunnlenskir höfundar státað af slíkum sölutölum nema kannski höfundur Njálu, ef hann var Sunnlendingur.

### Hvaða bækur eru að lesa núna?

Ég er oft með nokkrar í takinu í einu. Hér á Stokkseyri er bókasafn sem ég nota mikið. Náði síðast í *Eyland* eftir *Sigríði Hagalín* og *I. bindi Pjóðsagna Jóns Múla*. Sagt er að *Sigríður* sé spámannlega vaxin, segi fyrir um óorðna hluti og langaði mig að kynnast verkum hennar. Og ég var ekki svikinn. Jón Múli var mikill sagnameistari og jazzfræðingur. Þættir hans í útvarpinu gerðu sitt til að vekja áhuga minn á jazzi þegar ég var unglungur.

Hann hefði orðið 100 ára í lok mars og kom inn tími til að glugga í þjóðsögurnar. Svo greip ég *Fjallamenn* eftir Guðmund frá Miðdal ofan úr hillu um daginn en hann var frumkvöðull í fjallamennsku og segir frá af miklu listfengi, enda mikill listamaður þar á ferð. Loks vil ég nefna í *Kompaní við alliflð*, samtalsbók Þórbergs og Matthíasar sem ég hef verið að lesa í stuttum áföngum. Skyldulestur fyrir alla Þórbergsunnendur.

### En hvers konar bækur höfða helst til þín?

Því er ekki auðsvarað. Ég les náttúrulega mikið af fræðiritum enda fylgir það starfinu. Svo bara skáldsögur af ýmsum stærðum og gerðum. Frá norrænum reyfum og upp í Dostójevskí og HKL. Ég ólst upp við Sjöwall og Wahlöö og kann bækur þeirra flestar utan að. Ég hef sjaldan verið jafn kátur og þegar ég fann tíundu og óþýddu bókina í seríunni um Martin Beck og

co, *Terroristerne*, á fornsölu í Kóben. Ég reyni alltaf að taka eina til tvær fornsögur á hverju ári. Ég er tónlistarunnandi og sérstaklega áhugasamur um jazz og les töluvert um hann. Hef til dæmis lesið að minnsta kosti þjár ævisögur Miles Davis um dagana. Nýjasta áhugamálið er myndlist og hef ég aðeins verið að kíkja í listaverkabækur og ævisögur nokkurra myndlistarmanna. Svo má ekki gleyma ferðabókunum. Ég ferðast talsvert, bæði innan lands og utan, jafnt vegna vinnu og svo af hreinni ánægju og finnst mér gaman að kynna mér staðina sem ég heimsæki. Ég á allar Árbækur Ferðafélagsins í frumútgáfu og hef komið að gerð nokkurra.

### Varstu alinn upp við lestar bóka?

Já, já, ég er alinn upp við lestar. Amma sá mikið um mig fyrstu tíu árin og hún var dugleg að lesa fyrir mig. Ég ólst upp í Bústaðahverfinu og sótti ungar á Borgarbókasafnið í Hólmgarði.

Svo byrjaði ég snemma að safna bókum, en það er efni í annað viðtal.

Ég las íslenska höfunda eins og Ármann Kr. Einarsson, Guðjón Sveinson og Nonna, skandinaviska eins og Anne-Cath Vestly og Astrid Lindgren.

Tarzan og Tom Swift koma upp í hugann og svo að sjálf-söguðu Enid Blyton.

### En hvernig lýsir þú lestrarvenjunum þínum?

Ég er það háður bókum, að ég fæ alvarleg fráhvörf, ef það er ekki bók í seilingarfjarlægð. Ég fer aldrei bókarlaus í ferðalög. Einu sinni skrapp ég sem oftar til Búlgaríu og gleymdi að taka með mér bók. Uppgötvaði það þegar ég kom út. Ég hafði keypt norskt ljósmyndatímarit á Gardermoen á leiðinni og las hvern staf í því, ekki mikið úrvál af bókum á skiljanlegum málum í Búlgaríu. Þetta gerist aldrei aftur. Ég les þegar tími gefst til og oft á kvöldin, þá frekar í „menningarstofunni“ en í rúminu. Blindur er bóklaus maður.

### Einhverjir höfundar sem höfða frekar til þín en aðrir?

Fjölmarga, ég las til dæmis Þórberg upp til agna þegar ég var



Jóhann Óli Hilmarsdóttir.

ungur. Hann hafði mikil áhrif á mig og á ég erfitt með að gera uppá milli bóka hans. Ég hef verið að lesa *Sálmann um blómið* fyrir dóttursoninn undanfarið. Ég á það til að leggjast í höfunda, tók til dæmis Laxness í einum rykk, en það tók á annað ár, ég er svo hæglæs, með athyglisbrest og þarf stundum að lesa sömu síðuna margoft. Meðal annars þess vegna hef ég ekki enn komið á tengslum við hljóðbækur. Jón Kalman tók ég líka föstum tökum. Ég laðast að mörgum íslenskum samtíma-höfundum: Auði Övu, Guðrún Evu, Óla Gunn, Pétri Gunn, Gyrði, Andra Snæ, Einarunum Má og Kárasyni, Þórnari, allt fínir höfundar sem ég les. Síðast en ekki síst vil ég nefna Megas en ég á næstum allt sem hefur komið út eftir hann á prenti. Ætli við getum svo ekki skellt Snorra Sturlusyni hérra í lokin sem fulltrúa fornsagnahöfunda?

Danska er mitt annað mál og les ég tölvuert á því máli, auch ensku, norsku og sænsku. Las einu sinni danska höfundinn Leif Panduro upp til agna. Hann hlaut aldrei miklar vinsældir hér á landi og aðeins ein bók þýdd eftir hann á íslensku. Það er ekki gott að henda reiður á af hverju maður heldur meira uppá einn höfund fremur en annan. Þeir hljóta að höfða til manns og maður hefur ánægju af lestri þeirra. Ég hika síðan ekki við að leggja frá mér bók snemma, ef hún höfðar ekki til mína.

### En að lokum Jóhann, hvernig myndir þú lýsa þér sem rithöfundi?

Ég held ég haldi mig bara við þá gerð bóka sem mér farnast best að skrifa. Einu sinni dreymdi mig um að skrifa reyfara, en það var aður en hálf þjóðin lagðist í þá iðju.

Lestrarhestur númer 114.  
Umsjón Jón Özur Snorrason.

## Sunnlendingar lesa Dagskrána


Sími 482 1944 eða [auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is)



# Til hamingju!

**Þórður Tómasson í Skógum  
ER 100 ÁRA Í DAG**

**HÉRAÐSNEFND RANGÁRPINGS, SVEITARFÉLÖGIN RANGÁRPING EYSTRA,  
RANGÁRPING YTRA OG ÁSAHREPPUR  
SENDA AFMÆLISBARNINU ÞÓRÐI HAMINGJUÓSKIR Í TILEFNI DAGSINS**



Bókaútgáfan Sæmundur gefur í dag út nýja bók afmælisbarnsins, *Stóraborg, staður mannlífs og menningar*.

Í bókinni fléttar höfundur sögu lands og þjóðar saman við persónulegar minningar um fornleifar á sjávarströnd þar sem fræði- og safnamaður sætir lagi að forða minjum úr ránshendi Ægis konungs.

Bókinni fylgir heillaóskaskrá hundruða vina og kunningja.

Bókin *Stóraborg* fæst í öllum helstu bókaverslunum landsins. Peir sem eiga pantað eintak geta vitjað þess í verslunum Bókakaffisins að Austurvegi 22 á Selfossi og í Ármúla 42 í Reykjavík.

**Héraðsnefnd Rangæinga**



Rangárping eystra



Rangárping yrtra



Ásaþreppur



Sæmundur



Uppbygging nýrra húsa í landi Bjarkar á Selfossi er farin að taka á sig mynd.

## Alþjóðaflugvöllur á Geitársandi milli Hellu og Hvolsvallar

**Guðni  
Ragnarsson**  
flugmaður



Þörf er á nýjum Alþjóðaflugvelli á Íslandi þar sem alþjóðaflug bæði með farþega og vörufloftinga er sífellt að aukast. Við Íslendingar búum á eyju og þurfum á góðum samgöngum að halda til að vera sem best búin fyrir framtíðina, einnig er nauðsynlegt fyrir sjávarútveginn og ferðapjónustuna í landinu að hafa góða gátt til nágrennalanda okkar sem og annra heimsálfu. Skortur er á umskipunar-cargo-flugvöllum og hentar Ísland staðsetningarlega mjög vel til þess. Flugvöllur þessi þarf að vera á stað sem veðurfar og landslag hindra ekki komu vélá til landsins, jafnfram þarf flugvöllurinn að uppfylla þau skilyrði að geta verið varaflugvöllur fyrir Keflavík og öfugt. Flugvöllur milli Hellu og Hvolsvallar er trúlega besti kostur fyrir nýjan alþjóðaflugvöll á Íslandi, nánast allir þettir gera staðinn fýsilegan.

Samkvæmt veðurathugunum, kemur þetta svæði mjög vel út. Algengust er ríkjandi NNA-átt eða frá 020 til 055 gráður réttvisandi og væri sú braut langsamlega mest notuð, en einning getur komið sterkt SA-átt sem gerið það að verkum að braut um 150 gráður þyrfti að koma líka til að gera flugvöllinn færð flesta daga ársins. Hefur flugvöllurinn á Hellu hæstan nothæfisstuðul á Suðurlandi samkvæmt skýrslu sem unnnin var fyrir SASS af Guðrúnu Niño Petersen hjá Veðurstofu Íslands.

Aðstæður á milli Hellu og Hvolsvallar eru mjög hentugar. Stórt landssvæði með mjög hentugu undirlagi og lítili byggð. Þetta svæði er í eigu hins opinbera. Ódýrt ætti að vera að byggja flugvöll upp á þessu svæði þar sem ekki þurfi að fara í stórfelld jarðvegskipti, (á þó eftri að gera jarðvegsrannsóknir)

Alþjóða flugvöllur krefst töluverðs mannafla, og telur skýrsluhöfundar, svæðið geta uppfyllt það, flugvöllurinn yrði staðsettur á milli Hellu og Hvolsvallar og stutt yrði fyrir starfsmenn að koma þaðan í vinna en trúlega myndi flugvöllurinn hafa bein áhrif á atvinnusvæðinu frá Vík í Mýrdal til Hveragerðis. Mikil geta er til uppbyggingar á þessu svæði og það vel í stakk búið að taka við svona stóru verkefni.

Flugvöllurinn mundi styrkja sjávarútveginn á Suðurlandi, en sívaxandi krafa er á ferskum fiski til meginlandana sithvoru

megin við okkur og myndi þetta styrra flutningsleiðir fyrir ein stærstu sjávarútvegsplásin okkar, Höfn í Hornarfirði og Vestmannaeyjum, sem myndi jafnframt minnka mikið slit á vegum og kostnað vestan Hellu

Flugvöllurinn væri í hjarta turismans á Íslandi, miðsvæðis um helstu náttúruperlur Íslands, svo sem Gullna hringinn, Seljalands- og Skógafoß, og Jökulárlón. Sem gæti minnkað stórum umferð á vegum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Flugvöllurinn myndi nýtast sem:

- Millilandaflugvöllur.
- Viðskiptaflug.
- Cargoflug.
- Innanlandsflug, leiguflug.
- Landhelgisgæslu.
- Sjúkraflug.
- Einkaflug, kennslu og æfingaflug.
- Varaflugvöllur fyrir millilandsflug og innanlandsflug.

Í framtíðinni mun flug á milli landa trúlegast aukast margfalt, og umhverfisvænni flugvélar koma fram á sjónarsviðið, þegar eru í þróun rafmagnsflugvélar og er umhverfisáhrif mun minni af þeim bæði af völdum losun á koltvísýringi og hljóðmengunar, og er trúlegt að eftisókn í að hafa flugvelli nálægt borgum muni aukast, þegar flugvélum ferð verður hljóðlátari og umhverfisvænni.

Eldgosið í Geldingadal hefur sýnt það ekki er vænlegt að hafa tvö stóra flugvelli hlið við hlið á Reykjanesshryggnum og tel ég að ekkert annað byggðarlag geti boðið fram jafnt gott svæði til flugrekstar.

Ég vil beina því til sveitarstjórnarmanna í Rangárvalla-sýslu að vinna saman að svo metnaðarfullu tækifæri sem alþjóðaflugvöllur væri fyrir okkar byggðarlag. Þetta myndi gjörbreyta atvinnutækifærum og fjölbreytileika starfa á svæðinu, einnig myndi þetta styðja ferðapjónustuna sem fyrir er á svæðinu. Síðast og ekki síst myndi þetta verða til þess að fylgja vel borguðum störfum og auka mannlíf sýslunnar.

### GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

## HEILSU- OG TÓMSTUNDAFULLTRÚI



### Grímsnes- og Grafningshreppur óskar eftir að ráða heilsu- og tómstundafulltrúa í 75-100% starf.

Leitað er eftir öflugum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi starf.

Heilsu- og tómstundafulltrúi ber ábyrgð á tómstundamálum sveitarfélagsins og hefur forystu um heilsueflandi samfélag verkefnið á vegum sveitarfélagsins.

Reiknað er með að ráða í starfið frá og með 15. júní 2021.

#### Helstu verkefni:

- Þróun, skipulag og samræming heilsu- og tómstundamála sveitarfélagsins.
- Umsjón með stefnumótun á svíði heilsueflingar og tómstunda ásamt eftirfylgni.
- Starfsmaður Ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps.
- Verkefnastjórn vegna heilsueflandi samfélags.
- Samskipti, samráð og upplýsingagjöf er varða starfið við börn, ungmenni og foreldra.
- Hefur umsjón með og samræmir allt forvarnastarf, einkum er snýr að börnum og ungmennum.
- Umsjón með starfi eldri borgara.
- Hefur frumkvæði að samskiptum og aðgerðum til að styrkja tómstundamál og heilsueflandi verkefni í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### Hæfniskröfur:

- Háskólamennntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking af tómstundastarfi.
- Reynsla af starfi með börnum og/eða unglungum.
- Góðir forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri.
- Stundvísi og reglusemi.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnáttu.
- Hreint sakavottorð.
- Reynsla og þekking á stjórnsýslu sveitarfélaga kostur.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun og áætlanagerð kostur.


Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 10. maí 2021.

Frekari fyrirspurnir og umsóknir skal senda á sveitarstjóri@gogg.is.

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Öllum umsóknum er svarað.



# Framsókn fyrir fólk eins og þig



FRAMSÓKNARFLOKKURINN

**S**tjórn Kjördæmasambands Framsóknar í Suðurkjördæmi hvetur þig til að hafa áhrif. Þann 19. júní næstkomandi er prófkjör Framsóknar í Suðurkjördæmi en þar geta félagsmenn kosið um fyrstu fimm sætin og þar með valið það fólk sem það treystir til þjónustu fyrir landsmenn. Á heimasíðu Framsóknar er hægt að skrá sig í flokkinn með rafrænum hætti. Einnig má finna upplýsingar um stefnu flokksins, greinaskrif þingmanna og ráðherra sem og viðburði framundan. Upplýsingar um félagsstarfið er einnig að finna í nýju appi Framsóknar.

Á líðandi kjörtímabili hefur Framsókn verði límið í ríkistjórninni. Ráðherrar hafa komið ófáum málum í gegn og má þar t.d. nefna samsönguáætlun Sigurðar Inga Jóhannssonar formanns Framsóknar og samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra. Aldrei í sögunni hefur jafn miklum fjármunum verið varið til samgöngumála á Íslandi enda má sjá afrakstur þeirrar fjárfestingar á vegum landsins. Fleiri verkefni eru samgöngusáttmáli, samkomulag ríkisins og sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu á ferðamáta á höfuðborgarsvæðinu. Loftbrú sem veitir 40% afslátt af heildarfargjaldi fyrir allar áætlanarleiðir innanlands til og frá höfuðborgarsvæðinu, verkefni sem er eflandi fyrir landsbyggðina. Samvinnuvekfini (PPP) flýtiframkvæmdir í mikilvægum samgönguframkvæmdum þar sem verkefnin fela í ser aukið umferðaröryggi og styttingu leiða og skapa um 8700 störf.

## Atvinna, atvinna, atvinna!

Lilja Dögg Alfreðsdóttir var formaður Framsóknar og mennta- og menningarmálaráðherra hefur aukið jafnfrétti til náms með nýjum Menntasjóði og 18 % hækkun á framfærsluviðmiði. Hún hefur komið á beinum fjárstuðningi við foreldra í námi með 30% afskrift höfuðstóls námslána við námslok sem er gríðarlegt hagsmunamál nemenda. Grundvallarbreytingar hafa verið gerðar til að jafna tækifæri nemenda í iðnnámi. Fjölgun starfslauna listamanna og 750 listgjöringar, sem án efa hafa létt lund við krefjandi heimsástand, við heimili landsmanna. Fyrsta kvikmyndastefnan, stakkun

kvikmyndasjóðs og nýr sjónvarpssjóður.

Grettistaki hefur verið lyft í samþættingu á málefnum barna að frumkvæði Ásmundar Einars Daðasonar félags- og barnamálaráðherra. Samþættingin felur m.a. í sér að brugðist sé við í kerfinu ef barn þarf stuðning. Einnig má nefna lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði og jafnan rétt barns til samvista við báða foreldra sína, hlutdeildarlán sem slegið hafa

í gegn og BataAkademíuna sem hefur það markmið að styrkja fanga sem hafa lokið afsplánun. Mikilvægir styrkir til t.d. Kvennaathvarfsins, fjölmenningarseturs og vegna tómstunda barna.

Hér er um ótæmandi lista verkefna ráðherra Framsóknar að ræða. Framsókn vill halda áfram á sömu braut. Í Framsókn er frelsi til að hafa skoðanir til hægri og vinstri enda er Framsókn sterkt afl á miðjunni

sem leitar leiða til að finna sem skynsömumst leiðina hverju sinni með hag heildarinnar að leiðarljósi.

Ein leið til áhrifa er að skrá sig í Framsókn eða gefa kost á sér í framboð. Kynntu þér appið og heimasíðuna. Vertu með því Framsókn er fyrir fólk eins og þig.

*Fyrir hönd stjórnar  
kjördæmissambands  
Framsóknar í Suðurkjördæmi,  
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir*



Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir



## Vínbúðin Kirkjubæjarklaustri leitar að starfsmanni í sumarvinnu



Við óskum eftir jákvæðum og röskum einstaklingi sem er tilbúinn að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

### Hæfniskröfur

- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnáttu
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Starfshlutfall er breytilegt eftir þörfum.

Umsóknarfrestur er til og með 3. maí nk.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri. Umsóknir óskast fylltar út á [vinbudin.is](http://vinbudin.is)

Nánari upplýsingar: Sigurlaug Jónsdóttir, [klaustur@vinbudin.is](mailto:klaustur@vinbudin.is) – 560 7890 og Unnur Dóra Einarsdóttir, [starf@vinbudin.is](mailto:starf@vinbudin.is) – 560 7700.

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land. Stefna fyrirtækisins er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynnd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – PEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.



VÍNBÚÐIN

# íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

## Fimm marka sigur í fyrsta leik eftir hlé

**HANDBOLTI** Boltinn er byrjaður að rúlla að nýju og af því tilefni tók Selfoss á móti ÍR í Hleðsluhöllinni.

Selfoss byrjaði leikinn betur og var staðan orðin 3-0 eftir tæplega þriggja mínútna leik. ÍR stuttu málí þá héldu Selfossingar forystunni meira og minna allan leikinn. ÍR náði þó að jafna í stöðunni 7-7 en Selfoss átti góðan sprett undir lok fyrri hálffleiks og leiddu með fjórum mörkum í leikhlei, 13-9.

Selfoss hélt ÍR í hæfilegri fjarlægð frá sér allan seinni hálffleikinn og endaði leikurinn með fimm marka sigri Selfoss, 28-23. Það var covid-bragur á leiknum og miðið af tæknimistökum. Þó má sérstaklega nefna frammistöðu Viliusar í ramm-



Vilius var hreint út sagt magnaður með nærrí 50% markvörsu.  
Ljósmynd: Umf. Selfoss

anum, en hann varði 22 skot og var með um 50% markvörsu.

Mörk Selfoss: Atli ÁEvar Ingólfsson 7 og Hergeir Grímsson 7, Einar Sverrisson 5, Tryggvi Þórísson, Gunnar Flosi Grétarsson og Ragnar Jóhannsson 2, Andri Dagur Ófeigsson, Arnór Logi Hákonarson og Magnús

Öder Einarsson 1. Varin skot: Vilius Rasimas 22.

Selfoss tyllti sér með signum í fjórða sæti með 18 stig, jafnt Stjörnunni, eftir sextán umferðir. Næsti leikur hjá stráknum er gegn ÍBV á Heimaey, föstudaginn 30. apríl kl. 19:30.

-Umf. Selfoss/ESÓ

## Selfoss úr leik í bikarnum

**KNATTSPYRNA** Knattspyrnumárið hófst formlega á laugardag þegar Selfoss tók á móti Kórdrengjum í stórliek 1. umferðar Mjólkurbikarsins.

Gestirnir unnu 0-1 sigur á Selfossi.

Emir Dokara, leikmaður Selfoss, varð fyrir því ólani að skora sjálfsmark. Það mark var í raun stórglesilegt en hann flikkaði fyrir gjöf Kórdrengja yfir Stefán Ágústsson markvörð Sel- fyssinga og í netið. -Umf. Selfoss



1. deild karla í körfubolta

### SELF OSS - FJÖLNIR

Föstudaginn 30. apríl kl. 19:15  
Gjain, íþróttahús Vallaskóla

Verð 1.500 kr.  
Miðasala í gegnum Stubb appið



SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

## Sumarstörf fyrir 17 ára ungmenni

Opíð er fyrir umsóknir um sumarstörf fyrir 17 ára ungmenni, fædd 2004, sem eru búsett í Sveitarfélaginu Árborg. Eldri ungmenni, fædd árin 2002 og 2003, mega einnig sækja um þessi störf.

Hægt er að sækja um störfin í gegnum ráðningarárvef Árborgar: starf.arborg.is/.

### Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 10. maí nk.

Um er að ræða fjölbreytt sumarstörf en ráðningartími er 6 vikur, unnið mánudaga til fimmtudaga í 7,5 klst. hvern dag. Umsækjendur geta valið milli tveggja tímabila. Frá 24. maí – 1. júlí og 5. júlí – 13. ágúst. Ekki er hægt að koma öllum fyrir á sama tímabili en reynt verður eftir fremsa megni að koma til móts við óskir umsækjenda.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson frístunda- og forvarnarfulltrúi í tölvupósti: gunnars@arborg.is eða í síma 480 1900.

## Gakktu til liðs við okkur

Tómas Steinsson

Fyrverandi  
umdæmisstjóri



Sæll ágæti lesandi!

Það er hverju sveitarfélagi nauðsynlegt að hafa Kiwanis-klúbb innan sinna raða, en Kiwanishreyfingin vinnur undir kjörordini „Hjálpum börnum heimsins“. Þau eru ófá verkefnin sem Kiwanishreyfingin á Íslandi hefur unnið að í þágu barna og samfélagsins í heild. Allir landsmenn þekkja t.d. Hjálmaverkefnið þar sem öll börn í fyrsta bekk fá reiðhjólahjálm að gjöf.

Kiwanishreyfingin var stofnud árið 1915 í Bandaríkjunum en hreyfingin hóf störf á Íslandi árið 1964. Meðal stórra verkefna á heimsvísu má nefna að Kiwanis hefur útrýmt joðskorti sem var þekkt vandamál í þróunarlöndum, barist við MNT sem er fæðingarstíflkrampi, hjálpað fylgdarlausum börnum á flóttu og svona mætti lengi telja. Í okkar umdæmi sem telur Ísland og Færøyjar eru verkefnið mörg eins og áðurnefnt hjálmaverkefni, aðstoð og gjafir til skóla og leikskóla, aðstoða foreldra við


keflinu síðar meir. Umdæmispjölding 2022 er stórverkefni sem Búrfellsfélagar hafa tekið að sér og væri það tilvalið fyrir nýjan klúbb að koma að því verkefni til að kynnast Kiwanis-starfinu. Verkefnið er arið en klúbburinn hefur gert þetta áður og þeir munu leysa þetta verkefni með söma eins og ávallt.

Hvers vegna ætti að gerast Kiwanisfélagi: Einstaklingar,

bæði karlar og konur sem hafa þá gullvægu reglu að leiðarljósi að láta gott af sér leiða fyrir börn og samfélagið í heild sinni, og koma fram við aðra eins og þú vilt að komið sé fram við þig og síða en ekki síst vinna í frábærum félagskap í anda Kiwanis.

Ágæti lesandi, nú reynum við að koma af stað hópi svo hægt sé að halda nánari kynningarfund í lok maí og viljum við biðja áhugasama að hafa samband á netfangið tomas@kiwanis.is eða í síma 864 1577.

Með ósk um góðar undirtektir.





## Issi Fish & chips í allt sumar

Ef það er eitthvað sem Sel fyssingar elska eru það veitingastaðir. Sem flestir og fjölbreyttastir. Matarvagninn Issi Fish & Chips mun opna við Byko á Selfossi þann 1. maí nk. „Ég hef alltaf horft á Selfoss sem áhugaverðan stað. Það eru fjölmargir Sunnlendingar sem koma til míni í Njarðvíkina til að fá að borða hjá mér og ég hef lengi viljað koma austur með vagn. Það fór svo í gang í vetrur að ræða við viðeigandi aðila, þar á meðal Gunnar Bjarka hjá Byko sem tók vel í hugmyndina og við bara negldum þetta,“ segir Jóhann Issi Hallgrímsson, í samtali við Dagskrána. Hvað er á boðstólum hjá ykkur? „Við erum með djúpsteiktar gellur og

-gpp

Rangárþing eystra



## Seljalandskóli til leigu

Rangárþing eystra auglýsir húsnaði Seljalandskóla til leigu til atvinnurekstrar. Húsnaðinu hefur verið breytt í 13 herbergja gistiheimili og er gistirými fyrir allt að 42 manns. Húsnaðið er samtals 495m<sup>2</sup>.

Húsið verður til sýnis mánuðaginn 3. maí 2021 frá kl 13-15.

Óskað er eftir tilboðum í leiguna, en um að ræða langtímaleigu og skal tilboðum skilað á skrifstofu Rangárþings eystra, Austurvegi 4 860 Hvolsvelli eða með tölvupósti á hvolsvollur@hvolsvollur.is fyrir kl 16:00 föstudaginn 14. maí 2021. Leigutaki skal vera skuldraus við sveitarfélagið. Rangárþing eystra áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum.

Nánari upplýsingar veitir Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri í síma 488-4200 eða lilja@hvolsvollur.is

Sveitarstjóri Rangárþings eystra



# KRÓNAN

**Pssst ...  
Aðeins lengri  
afgreiðslu-  
tími**

## Opið alla daga

# 9-20

### í Krónunni Selfossi



## Það er komið sumar, eða er það?



Panta tíma í ráðgjöf og/eða heilsu-markþjálfun á [www.gunnastella.is](http://www.gunnastella.is)  
Hlaðvarp: Einfaldara líf

Það er komið sumar, sól í heiði skín. Vetur burtu farinn. Tilveran er fín segir í laginu „Það er komið sumar“ eftir Mannakorn.

Sonur minn sem er fimm ára var búin að telja niður dagana í sumardaginn fyrsta. Hann hlakkaði til að sjá lokins vinkonu sína; sólinu. Geta farið út á stuttbuxum og jafnvel stuttermabol ef veðrið yrði gott. Nokkrum dögum fyrir sumardaginn fyrsta snjóði og vaknaði hann við þann vonda draum að það var alhvít að morgni. Ég reyndi að útskýra fyrir honum að svona virkaði íslenskt veður og hann yrði bara að bíða og sjá. Það væri nú mjög líklegt að þessi snjór yrði horfinn þegar hann kæmi heim úr leikskólanum þennan daginn. Þetta myndi allt saman reddast. Yrði bara þínu spennandi. Það reyndist svo vera og ákvað drengurinn að halda í vonina um gott sumar.

Að morgni sumardagsins fyrsta vaknaði hann spenntur til að fá sumar-

gjöfina sína. Þegar hann var búin að opna hana spurði hann fljótega hvort hann mætti fara út í fótbalta á stuttbuxum og bol. Ég sagði við hann að nú þyrfti ég að útskýra fyrir honum enn og aftur hvernig íslenkta sumar virkaði.

Það væri nefnilega þannig að sumarið á Íslandi kæmi áður en grasið yrði grænt, áður en laufin myndu springa út og áður en það væri orðið heitt úti. Stundum snjóði meira að segja á sumardaginn fyrsta en góðu fréttinrar væru þær að það væri nú ekki þannig í dag og því væri þetta góður sumardagurinn fyrst.

Þegar ég hlustaði á sjálfa mig útskýra fyrir fimm ára barni mínu hvernig sumardagurinn fyrsti virkaði þá áttæði ég mig á því að það er kannski ekkert skrítið að íslenska þjóðin haldi fast í

frasann „Þetta reddast“. Við erum alin upp við það frá unga aldri að sumarið sé kalt, veðrið breytist ef við bíðum í nokkrar sekúndur. Við látzum það heldur ekki á okkur fá að jörðin hristist og ef það fer að gjósa hlaupum við ekki frá eldgosi-inu heldur að því til að taka af okkur mynd um leið og tækifæri gefst til. Ég skil betur hvernig erlendum vinum mínum líður

þegar ég er að reyna að útskýra fyrir þeim þessa íslensku hugsun. Stundum hrista þeir höfðið og skilja ekki hvernig við þorum að búá á þessu landi.

Kæri lesandi. Er það ekki „þetta reddast“ hugarfarið sem hefur komið okkur í gegnum erfiða tíma. Er það ekki þetta vikingablöð sem hefur gert það að verkum að Íslendingar eru ennþá til. Er það ekki út af „þessari reddast“ hugsun

sem fólk lifði af vosbúð og kulda og búa nú flestir hverjir í vel heitum húsum og takast á við heimsfaraldur með góðum skammti af hugarró?

Ég velti því fyrir mér hvort ég hefði kannski átt að leyfa syni mínum að fara út á stuttbuxum og bol og skrá mig sjálf á námskeið í kuldabjálfun á sumardaginn fyrsta?

Ég veit það ekki, en það eitt veit ég að veturinn er farinn. Það styttist í hjarðónaemi. Sumarið kemur. Fjallgöngur bíða míin. Grasið fer að grænka. Laufin fara að springa út og þegar það gerist þá veit ég að sumarið er komið fyrir alvöru. Ég mun trúá því að þetta verði besta sumar sem við höfum upplifað og veðrið muni verða frábært. Það er kannski gott að veðurminni okkar íslendinga sé að hluta til eins og hjá gullfiskum. Annars værum við öll flutt til Tenerife.

Gleðilegt sumar  
Gunna Stella



### Söldumaður varahluta og verslunar

Landabúnaðardeild Aflvéla leitar að starfsmanni í sumarafleysingar á Selfossi, með möguleika á framtíðarstarfi

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um

#### Helstu verkefni

- Afgreiðsla varahluta
- Almenn verslunar og lagerstörf

#### Hæfniskröfur

- Tölvukunnáttu
- Enskukunnáttu
- Norðurlandamál kostur
- Reynsla og þekking á vélum og landbúnaði kostur
- Metnaður og frumkvæði í starfi

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst

Umsóknarfrestur er til og með 5. maí

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að senda upplýsingar og ferilskrá á netfangið [starf@aflevlar.is](mailto:starf@aflevlar.is)

Upplýsingar eru ekki veittar í síma eða á staðnum



### Bláskógaskóli Reykholti auglýsir eftir kennurum fyrir skólaárið 2021-2022



Leitað er að framsýnum, metnaðarfullum kennurum sem geta unnið í góðu samstarfi við nemendur, samstarfsfólk og foreldra.

Skólinn er fyrir nemendur í 1. til 10. bekk. Í skólanum eru tæplega 100 nemendur og þar starfa rúmlega 20 starfsmenn. Kjörorð skólans eru Virðing - Vellíðan - Samvinna. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, teymisvinnu, verkefnamíðað nám, fjölbreytta kennsluhætti og list- og verkgreinar.

Bláskógaskóli Reykholti er annar tveggja grunnskóla Bláskógabyggðar. Gott samstarf er við leikskólan Álfaborg í Reykholti, Bláskógaskóla Laugarvatn og Kerhólsskóla í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### Tvær stöður umsjónarkennara eru lausar til umsóknar:

- Yngsta stig; 100% staða
- Unglingastig; 100% staða

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu
- Faglegur metnaður
- Vilji til þess að starfa í teymi
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfileikar
- Góð samstarfshæfni
- Lipurð og sveigjanleiki í mannlegum samskiptum
- Vilji til notkunar snjalltækja í kennslu
- Góð íslenskukunnáttu

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags grunnskólakennara (FG) og Samninganefndar sveitarfélaga (SNS).

Umsóknun skal fylgja ferilskrá og upplýsingar um meðmælendur.

Störfin henta jafnt körlum sem konum.

Umsóknarfrestur er til 5. maí 2021.

Öllum umsóknunum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir Lára Bergljót Jónsdóttir skólastjóri í síma 847 5353.

Umsókn ásamt ferilskrá skal send að netfangið [lbj@blaskogaskoli.is](mailto:lbj@blaskogaskoli.is).

# Árborgarsíðan

Fréttir og fróðleikur frá Sveitarfélagini Árborg



## Samstarfsvertvangur um framþróun leikskólabjónustu

Fraðslunefnd Árborgar stofnaði vinnuhóp um leikskólamál á fundi sínum 10. mars síðastliðinn. Miklar breytingar hafa orðið á undanförnum árum í starfi og umgjörð leikskólastigsins. Kröfur hafa sifellt aukist, bæði til menntunar starfsfólks og þeirra þjónustu sem leikskólar veita. Samfélagið allt er jafnframt í örri þróun og fólk á fullt í fangi með aðlögun að breyttum veruleika þar sem stafræn tækni, samfélagsmiðlar, fjarvinna og styttung vinnuvíkunnar eru meðal þess sem hefur gjörbreyst á síðustu árum.

Óhætt er að segja að leikskólastarf í Árborg sé um flest í fremstu röð hérlendis og er eftirsóknarvert fyrir börn að komast að í leikskólum okkar, auk þess sem aðsókn vel menntaðs starfsfólks hefur verið góð á undanförnum árum. Mikið þróunarstarf í gangi þar sem t.d. má nefna snemmtækan stuðning, þverfaglegt ráðgjafateymi, átak í að minnka álag og veikindi og styttung vinnuvíkunnar – fyrir utan fjölmög framsækin þróunarverkefni í almennu leikskólastafi og námskrágerð.

Almenningi og jafnvel foreldrum er ekki alltaf kunnugt um alla þá þróun og vinnu sem verið er að vinna á leikskólum og það er mikilvægt að við styrkjum samtalið. Þannig má vinna að því sameiginlega að samræma þarfir barna, starf leikskóla og þarfir foreldra vegna vinnu og fjölskyldulifs – á grunni þeirrar miklu þekkingar sem finnst hjá leikskólastarfssólfki í dag.



Nauðsynlegt er að þau, sem málefni leikskólans varðar, eigi samtal um öll þessi mál þannig að sameiginlegur skilningur verði til á verkefnum þessa skólastigs. Markmið með starfi vinnuhópsins er að koma á markvissu samtali innan skólasamfélagsins um málefni leikskólans, þróun skólastarfsins og mögulegar tillögur að umbótum og nýsköpun ef takifæri gefast.

Vinnuhóppinn skipa tveir fulltrúar leikskólastjóra, Kristrún Hafliðadóttir og Jóhanna Þór-

hallsdóttir, tveir kjörnir fulltrúar, Brynhildur Jónsdóttir og Gunnar E. Sigurbjörnsson, tveir fulltrúar leikskólakennara og tveir fulltrúar foreldra en þeir fulltrúar hafa enn ekki verið skipaðir. Þá starfa með hópnum svíðsstjóri fjölskyldusviðs og leikskólaráðgjafi skólapjónustu. Hópurinn mun kalla eftir samstarfi og samtali við aðra eftir því sem þurfa þykir. Vinnuhópnum er ætlað að skila af sér skýrslu með niðurstöðum til fraðslunefndar fyrir 1. október.

## Farsælt samstarf við Sigurhæðir

Sveitarfélagið Árborg er einn af fjölmögum samstarfs- og styrktaraðilum Sigurhæða, sem er þjónusta við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi. Soroptimistaklúbbur Suðurlands er frumkvöðullinn að stofnun Sigurhæða og er um að ræða fyrsta samhæfða úrræðið á þessu svíði hér á svæðinu. Sveitarfélagið leggur til húsnæði undir starfsemina að Skólavöllum 1 á Selfossi.

Fjölskyldusvið Árborgar

hefur tekið virkan þátt í undirbúningi verkefnisins. Margrét Anna Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi hjá Árborg, sat í verkefnastjórn og Heiða Ösp Kristjánasdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu Árborgar, kom einnig að undirbúningi þessa mikilvæga verkefnis. Afram verður lögð áhersla á farsælt samstarf á milli fjölskyldusviðs Árborgar og Sigurhæða.

Full ástæða er til að hrósa Soroptimistaklúbbnum fyrir

þetta mikilvæga framtak fyrir bolendur ofbeldis á Suðurlandi. Hjá Sigurhæðum verður í boði einstaklings- og hópastarf, löggfræðiráðgjöf, lögregluþjónusta, sálfræðiþjónusta, markþjálfun og réttindrafraðsla. Notendur þjónustunnar sem eru af erlendum uppruna fá túlkapjónustu. Öll þjónusta er endurgjaldslaus.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vef Sigurhæða

## Sjálfbær skuldabréfaumgjörð um lántökur Árborgar

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti, þann 14. apríl síðastliðinn, að gefa út skuldabréf á markaði að fjárhæð allt að 2,2 milljörðum króna og að samstarf verði haft við Landsbankann um útgáfuna. Stefnt er að því að útgáfan verði undir sjálfbæri umgjörð skuldabréfa, en slík bréf eru iðulega kölluð græn (umhverfisþættir) og rauð (félagslegir þættir) skuldabréf. Skuldabréfaútgáfá á markaði leiðir til hagstæðra lánakjara fyrir Árborg og er góð eftirsprungur eftir bréfum af þessu tagi.

Sjálfbær skuldabréfaumgjörð inniheldur upplýsingar fyrir fjárfesta, s.s. hvaða verkefni skal fjármagna með skuldabréfaútgáfu, hvernig verkefni eða rekstrarþættir eru valdir til fjármögnunar, hvernig fjármagninu er fylgt eftir innan fyrirtækisins eftir útgáfu skuldabréfs og hvers eðlis upplýsingagjöf verður til fjárfesta. Sjálfbær skuldabréfaumgjörð er unnin í samræmi við leiðbeiningar Green Bond Principles, Social Bond Principles og flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (e. EU Taxonomy).

Vottunar er krafist á sjálfbæri skuldabréfaumgjörð og er nú unnið að slíkri vottun Árborgar undir stjórn Landsbankans, sem hefur mikla reynslu í þessum efnum. Slíkt ferli inniheldur rýni vottunar- aðila á þeim verkefnum sem á að fjármagna og hvort sú fjármögnun stuðli í reynd að sjálfbæri. Sú vandaða um-



hverfisstefna sem bæjarstjórn samþykkti á liðnu ári skiptir miklu í þessari vottun og hefur stefnan verið rómuð af samstarfsaðilum okkar í Landsbankanum.

Miklar fjárfestingar sveitarfélagsins þessi árin eru að mestu leyti af samfélagslegum toga, s.s. skólar og leikskólar. Stærð sveitarfélagsins og skulda þess er orðin slík að Láanasjóður sveitarfélaga ræður ekki lengur við að fjármagna allar lántökur Árborgar, sem er þar með komin í flokk fleiri stórra sveitarfélaga, þar sem Reykjavíkurborg er fremst í flokki. Því má gera ráð fyrir að slíkar skuldabréfaútgáfur verði árlegur viðburður á næstu árum.

Það er ánægjulegt að hefja þessa vegferð Árborgar, við lántökur á frjálsum markaði, með sjálfbæri skuldabréfaumgjörð. Sveitarfélagið er einnig þáttakandi í Framfara-vog sveitarfélaga sem er undir alþjóðlegri vottun Social Progress Index (SPI) og byggir á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Allt ber þetta að sama brunni og miðar að aukinni sjálfbæri og framförum á svíði samfélagslegra- og umhverfisþáttu í Árborg.

## Inntökualdur leikskólabarna lækkaður

Fraðslunefnd hefur samþykkt samhljóða að leggja til við bæjarstjórn Árborgar að framboð leikskólaplássá verður aukið og mun það leiða til þess að yngri börn komast að í leikskólum Árborgar en ella hefði verið. Kostnáður vegna þessa verður um 30 milljónir króna og kallar á að bæjarstjórn samþykki viðauka við fjárhagsáætlun ársins.

Leikskólaplássin sem um ræðir eru á Brimveri/Æskukoti og Álfheimum og verða nýtt frá 1. ágúst næstkomandi. Þar með ættu börn talsvert yngri en 18 mánaða að komast í leik-

skóla. Fram kemur í minnisblaði svíðsstjóra fræðslusviðs á fundi fræðslunefndar þann 21. apríl að nú þegar er búið að tryggja öllum börnum leikskólapláss sem eru fædd í mars 2020 og fyrir.

Á næsta ári verða svo opnaðar þjárvýr nýjar deildir í Goðheimum, sú fyrsta strax um næstu áramót. Þannig verða tryggð næg leikskólapláss í Árborg, og gott betur, fyrir þau bönn sem eiga rétt á leikskólaplássi. Afram er markvisst unnið að því að lækka inntökualdur leikskólabarna, í kappi við fjölgun íbúa í sveitarfélagini.

## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESÝSLU**  
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

**Al-Anon Selfossi**  
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**  
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**  
Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Mið. kl. 21 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlaufundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur  
Sun. kl. 11 - AA fundur  
Sun. kl. 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

**AA Sporgöngufólk f. alla**  
Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**  
Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtdag.

**OA**  
Áttu erfitt með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundir  
Overeaters Anonymus alla  
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**  
Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga  
kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**  
Fundir í Rauðakrosshúsinu  
Hveragerði, efri hæð,  
fimmtdaga kl. 20:30.

## TIL SÖLU

**Sumardekk**  
Fjögur sumardekk til sölu. Stærð  
225x65x17. Eins og ný. Passa á  
Kia og Rav 4. Uppl. í síma 894  
0123 (Ásgeir).

## BÍLAR

**KLETTUR**  
Bifreiðaverkstæði  
Sími 482 4012, Hrímþry 3, Selfossi  
Þjónustukoðanir Heklu-bifreiða og  
almennar bílaviðgerðir.  
Hjólastillingar  
Dekkja- og smurþjónusta  
Sími 482 4069

**SKÁLINN**  
Gagnheiði 11  
800 Selfossi  
Sími 482 2200  
GSM 894 2277  
Fax 482 2777  
Yfirbyggingar – Réttigar  
Bílamálun – Rúðuskipti

## ÞJÓNUSTA

**BR FLUTNINGAR**  
**S: 662-1122**  
**Daglegar ferðir**  
**SELF OSS - REYKJAVÍK**  
**SUÐURLAND**

## ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði  
Gagnheiði 51, Selfossi  
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

**KJARNA BÓKHALL**  
Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.  
Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

**Ráð í rekstri!**

**Hjá Maddý ehf.**  
Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is  
**Bókhald - ráðgjöf skattskil**  
**Pjónusta við einstaklinga og fyrirtæki**  
**Persónuleg pjónusta**

**LJÓSMYNTA PRENTUN**  
Allar algengustu stærðirnar  
Sendu okkur myndirnar eða komdu með þær á USB-lykli  
**prentmet**   
Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

## KIRKJUR

### Selfosskirkja

Messað verður í Selfosskirkju kl. 11 nk. sunnudag, 2. maí. Verið hjartanlega velkomin.

### Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 1. maí. Bibliulexiur kl. 11 og guðspjónusta kl. 12, ræðuð verður Gavin Anthony. Streymi verður einnig haldið áfram frá Aðventkirkjunni í Reykjavík, sjá YouTube og Adventkirkjan. Verið velkomin.

### Skálholtsdómkirkja

Messa sunnudag kl. 11:00. Prestur sr. Egill Hallgrímsson. Organisti Jón Bjarnason. Fjöldatökumark. Vinsamlegast skráð þátttöku í gegnum vefsíðuna www.sregill.net.

### Eyvindarhólkirkja undir Eyjafjöllum

Guðspjónusta verður haldin í Eyvindarhólkirkju nk. sunnudag, 2. maí 2021, kl. 14:00. Organisti er Brian R. Haroldsson. Félagar úr kirkjukór Eyfellinga leiða almennan safnaðarsöng. Að sjálfsgöðu viðhöfum við þær smitvarnir sem við þekkjum og berum grímu. Þar sem nú er langt síðan við höfum getað haft guðspjónstu hvet ég alla að gefa sér tíma til að koma því hver veit hvenær við getum hist næst. Gaman væri að sjá fermingarbörn úr Mýrdal og forráðamenn þeirra koma í heimsókn í Eyvindarhólkirkju. Þeir sem mæta þurfa að gefa upp nafn, kennitölu og símanúmer, en sá listi verður eyðilagður að 2 vikum líðnum. Hlakka til að hitta ykkur öll. Haraldur M. Kristjánsson skónarprestur.

## HEILSA

### Nudd – Svæðanudd

#### Dáleiðsla

#### Augnlestur og heilsuráðgjöf

#### Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum

Alla fimmtdaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.

**Heiðar Ragnarsson**  
Sími 898 1501

## Táknrænn minnisvarði fyrir framlag íslenskra kvenna til listar

*Saga allra þeirra huldukvenna sem sagan greinir ekki frá*

**Karl Gauti Hjaltason**

**Pingmaður Miðfloksins í Suðurkjördæmi**



Íslands og Skálholtsbiskupi, herra Kristjáni Björnssyni, sem báðar eru afar jákvæðar í garð tillögunnar.

### Allar, sem sagan greinir ekki frá

Segir í umsögn Listasafns Íslands um tillöguna „... Það minnismerki yrði táknrænt fyrir framlag íslenskra kvenna til listar; til allra þeirra huldukvenna sem sagan greinir ekki frá eða lítið er vitað um frá fyrrti. Verðugt er að geta Margrétar sem fyrstu nafngreindu listakonunnar ...“

### Ein merkasta listakona Íslands

Í umsögn vígslubiskups segir m.a. svo: „... Það hefur allt of lítið verið gert af því að lyfta og heiðra minningu þeirra kvenna sem unnið hafa og þjónað í Skálholti í allar þær aldir sem biskupsstóll hefur verið þar á hinu forna höfuðbóli ... Með Páli biskupi heldur áfram að streyma til landsins þekking og listræn hæfini. Frá þessum tíma eignum við minjar sem eru merkar og sannarlega gerðar hér í Skálholti og á vegum biskupsstólsins. Ein allra merkasta listakona Íslands á þessum tíma er Margrétt hin oddhaga. Minningu hennar hefur verið haldið á lofti í Skálholti og það er vitað með vissu (samkv. rannsóknunum Kristjáns Eldjárns, síðar forseta Íslands) að Margrétt hefur skorið út merkan bagal með hún úr beini með táknum fyrir þjónustu biskupa og hlutverk þeirra. Sá bagalshúnn fannst við uppgröft í Skálholti á 6. áratugnum í steinþró Páls biskups og er varðveisur og sýndur á Þjóðminjasafnini í Reykjavík. Steinþróin er einn merkasti gripurinn á sýningu Þjóðminjasafnsins í kjallara Skálholtsdómkirkju. ...“

### I farteskið

Með sílikar umsagnir í farteskini mun minnisvarði um nafngreinda merka listakonu frá 12. öld brátt rísa í Skálholti og verða þannig táknað fyrir stórmerk framlög íslenskra kvenna til listar og ekki síður margra þeirra huldukvenna, sem sagan greinir ekki frá.

## Nýir skógarbændur settir inn í málín

Um þessar mundir eru haldin grunnnámskeið fyrir nýja þátttakendur í skógrækt á lögþýlum. Farið hafa fram námskeið fyrir nýja skógarbændur á Vesturlandi og Vestfjörðum. Hátt í 100 manns taka þátt í þessum námskeiðum þetta árið.

### Fjarfundir að þessu sinni vegna Covid-19

Algengt er að fleiri en einn sækji þessi námskeið frá hverju lögþýli. Á námskeiðinu fyrir Vesturland og Vestfjörði sem nú stendur yfir sitja um 40 manns. Grunnfræðsla er nauðsynleg öllum sem hefja skógrækt með samningi við



arinnar, þar sem Kristján Jónsson skógræktarráðgjafi leiðbeindi væntanlegum skógarbændum á Vestfjörðum og Vesturlandi frá skrifborði sínu í starfstöð Skógræktarinnar á Ísafjörði.

# FLÚÐASKÓLI AUGLÝSIR LAUSAR STÖÐUR

Í Flúðaskóla verða um 100 nemendur næsta skólaár. Við skólann starfa áhugasamir og metnaðarfullir starfsmenn. Gildi skólans er virðing-vitneskja. Lögð er áhersla á að skapa námsumhverfi þar sem allir eru virkir, öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.

## Laust til umsóknar er starf:

- Umsjónarkennara á ungingastigi. Meðal kennslugreina eru stærðfræði og náttúrufræði.
- Umsjónarkennara á miðstigi. Meðal kennslugreina er íslenska, stærðfræði og samfélagsgreinar.
- Kennara í heimilisfræði, tónmennt og myndmennt.
- Stuðningsfulltrúa.



Við leitum að einstaklingum sem eru metnaðarfullir, góðir í mannlegum samskiptum, sveigjanlegir og tilbúnir að leita nýrra leiða í skólastarfi. Hæfnirköfur eru kennsluréttindi og góð meðmæli.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Gerð er krafa um leyfisbréf á grunnskólastigi fyrir kennarastöðurnar.

Umsóknarfrestur er til 12. maí 2021 og skulu umsóknir, ásamt ferilskrá berast á netfangið johannalilja@fludaskoli.is. Nánari upplýsingar gefur Jóhanna Lilja Arnardóttir skólastjóri í síma 480 6612.

# Stafrænt Suðurland - Verkefnastjóri



Kosið verður um sameiningu Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps 25. september 2021. Verkefnisheitið er Sveitarfélagið Suðurland.

Verkefnið Stafrænt Suðurland er undirverkefni þess og er markmiðið að undirbúa sveitarfélögin undir veitingu stafrænnar þjónustu og stjórnsýslu með því að móta einskonar stafrænt ráðhús og þjónustuver fyrir Sveitarfélagið Suðurland og ná þannig fram hagræðingu í rekstri, auknu öryggi í vinnslu gagna og meiri sérhæfingu í störfum. Stafrænt ráðhús auðveldar stafræn samskipti við almenning og eykur möguleika á sjálfsafgreiðslu. Auglyst er eftir metnaðarfullum og framsæknum einstaklingi til að leiða verkefnið.

## ■ Helstu verkefni og ábyrgð:

- Mótun verkefnisins Stafrænt Suðurland og gerð verkefnisáætlunar
- Stöðumat og greining stafrænna innviða sveitarfélaganna í samstarfi við starfsfólk þeirra
- Verkefnastjórnun og innleiðing á sameiginlegum verkefnum sveitarfélaganna s.s. við samræmingu upplýsingataeknikerfa og gerð skjalavistunaráætlunar
- Vinna að hagnýtingu þekkingar og lausna er snúa að stafrænni umbreytingu í stjórnsýslu, þjónustu og rekstri
- Gerð fræðsluefnis til að greiða fyrir innleiðingu verkefna og lausna
- Stuðla með virkum hætti að auknu samstarfi sveitarfélaganna, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkis á sviði stafrænnar þróunar
- Uppbygging rafræns upplýsingavettvangs fyrir sveitarfélögin sem felur í sér framsetningu efnis, miðlun og deilingu þekkingar, lausna og verkefna fyrir sveitarfélögin
- Uppbygging faglegs verklags fyrir samstarf og sameiginleg verkefni og innleiðing þvert á sveitarfélögin

## ■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Meistarapróf eða reynsla sem nýtist í starfi er kostur
- Þekking og reynsla af faglegri verkefnastjórnun þar sem margir hagaðilar koma að verkefnum er skilyrði
- Færni til að undirbúa, skipuleggja og stýra verkefnum og fylgja þeim eftir
- Þekking og reynsla af upplýsingatækni og stafrænum umbreytingaverkefnum
- Framúrskarandi samskiptahæfni og geta til að koma skoðunum, upplýsingum og röksemdarfærslum frá sér á skýran hátt
- Geta til að byggja upp, hanna og viðhalda vef með faglegri framsetningu upplýsinga og gagna
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Mjög góð færni í íslensku og ensku í ræðu og riti



Verkefnastjóri verður ráðinn tímabundið til eins árs og verður stafrænn leiðtogi sveitarfélaganna og leiðir vinnu við fyrsta áfanga. Verkefnastjóri getur valið megin-starfsstöð á bæjarskrifstofu sveitarfélaganna fimm sem eru aðilar að verkefinu, en mun jafnframt hafa aðgang að starfsaðstöðu í öllum byggðakjörnum svæðisins.

Umsóknarfrestur er til og með **3. maí 2021**. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf að fylgja starfsferilskrá og itarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda í starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran ([thelma@intellecta.is](mailto:thelma@intellecta.is)) og Hafdís Ósk Pétursdóttir ([hafdis@intellecta.is](mailto:hafdis@intellecta.is)) í síma 511 1225.



Annar áfangi af gatnagerð í Bjarkarlandinu er kominn vel áfram. Mynd gpp.

## Eftirspurn eftir lóðum í Árborg

Það er óhætt að segja að enginn hefði getað ímyndað sér þann fjöldi lóðaumáskona sem kom í lóðir hjá Sveitarféluginu Árborg fyrir skómmu. Alls sótum um 8895 aðilar um lóð hjá sveitarféluginu þegar þær voru auglystar. Fjöldi lóða var þó einungis brotabrot af þeim fjölda eða 52. Samtals er áætlað að á þeim lóðum verði 120 íbúdir í blandaðri byggð ein-, rað-, par- og fjölbýlishúsa. Við heyrðum í Gísla Halldóri Halldórssyni, bærstjóra í Árborg og innþum eftir viðbrögðum. „Í samtölum mínum að undanförnu við byggingsverktaka í Árborg hefur komið fram að þeir hafa miklar fyrirætlanir um byggingu íbúða á næstu árum. Þeir lýsa því allir að eftirspurn eftir íbúðum sé mikil. Það sama heyrist frá fasteignasölu, það er mikil eftirspurn, eignir seljast hratt og verðið hefur verið að hækka,“ segir Gísli.

### Stórhuga um uppbyggingu

Við spryrjum Gísla út í það hvernig hann meti framhaldið. „Það hefur komið fram í samtölum mínum við þá einkaaðila sem standa að uppbyggingu íbúðahverfa á Selfossi að fyrirætlanir um byggingu íbúða á Selfossi eru stórhuga. Þá er einnig að byggjast upp á Stokkseyri og Eyrarbakka. Í Tjarnarbyggð geta því til viðbótar byggst upp um 300 heimili til viðbótar við það sem nú er. Áform sem nú eru á borðinu benda til þess að á þessu ári muni verða afhentar um 300 íbúðir og 500 íbúðir hvort áranna 2022 og 2023. Þetta þýðir íbúafjölgun upp á riflega 7% á þessu ári og um

11% á ári 2022 og 2023,“ segir Gísli.

### Stíga varlega til jarðar þó eftirspurn sé mikil

„Gatnagerðarframkvæmdir í Bjarkarstyki þarf að stilla af þannig að ekki sé framkvæmt langt umfram það sem úthlutað er til íbúðabygginga. Þó svo að ekki sé útlit fyrir annað en mikla áframhaldandi eftirspurn þá borgar sig að taka þessi skref varlega. Það má reikna með að sveitarfélagið muni úthluta árlega lóðum undir um 50-100 íbúðir, allt eftir hver þróunin verður, en alls er hægt að úthluta lóðum undir nærrí 1.000 íbúðir í því landi sem þegar hefur verið samþykkt sem íbúabyggð í aðalskipulagi og keypt var úr jörðinni Björk,“ segir Gísli að lokum um framtíðarmálsík í uppbyggingu í Árborg. -gpp

### Höfuðborgin ekkert endilega fyrir alla

Hvernig lítur petta út í náinni framtíð? „Það er fátt sem bendir til þess að þeirri miklu eftirspurn sem er á fasteignamarkaði verði fyllilega svarað á höfuðborgarsvæðinu með byggingu íbúða þar. Auk þess er alveg ljóst að fjöldi fólks er að sækjast eftir öðrum þáttum en staðsetningu á höfuðborgarsvæðinu. Allt frá miðri síðustu öld hefur



**Lagnapjónustan ehf**  
Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 ☎ 696 2311  
Skrifstofa **Bjónustusími**

**FROST**  
KELIKERFI - FRÝSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - PÍONUSTA  
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**Josera**  
BRAÐA AF  
VINATTU!  
Fæst hjá  
**BYKO** Selfossi

**expert kæling**  
Sími 660 2970  
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

**DAGSKRÁIN**  
Viltu vekja athygli  
á Suðurlandi?

Hafðu samband  
og fáðu tilboð  
í auglysingar  
Sími 482 1944  
auglysingar@dfs.is

**VÉLSMIÐJA  
SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala  
Rennismíði  
Innréttningar  
Járnsmíði**

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**Hjólbarðapjónusta  
Magnúsar**  
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

**Hjólbarðar**  
HM  
Hjólbarðar  
Betri vörur - betra verð

**Sprettur  
ÁBURÐUR**  
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss  
Hella - Hvolsvöllur  
Sími 772 6010

**Skeljungur**  
Lúðvik Bergmann, Viðskiptastjóri  
GSM: 840 3009

**Réttинг  
og málun**  
Vottað réttingaverkstæði  
Cabas tjónaskoðun  
Breiðumýri 1, Selfossi  
480 8020

**Bílasprautun - Bílaréttningar  
Bílruðuskipti**  
**Bilverk BA**  
- þar sem fagmennirnir vinna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

**FYLGD**  
Útfararþjónusta  
Gísli G. Guðmundsson  
Svanhildur Eiríksdóttir  
Elfar F. Sigurjónsson  
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar  
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

**NÝTT**  
Vinnuvélanámskeið  
á netinu!  
www.vinnuvelaskolinn.is